

Ytra mat grunnskóla

# Bláskógaskóli

## Laugarvatni

Febrúar 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Bláskógabyggð.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir.

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2340-1

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna .....	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Bláskógaskóla Laugarvatni .....	8
Niðurstöður .....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	10
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	11
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	13
2.1 Inntak og námskrá .....	13
2.2. Árangur náms .....	13
2.3 Gæði kennslu .....	14
2.4 Skipulag náms.....	15
2.5 Námsvitund .....	16
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	16
2.7. Samstarf um nám nemenda á unglingastigi .....	18
Þáttur 3 – Innra mat .....	21
3.1 Skipulag.....	21
3.2 Framkvæmd.....	21
3.3 Umbætur .....	21

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Bláskógaskóla á Laugarvatni sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Að ósk skóla og sveitarfélags var áhersla við matið á samstarf skólans við Bláskógaskóla í Reykholti.

### *Stjórnun og fagleg forysta*

#### Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í öllu starfi skólans og sérstöðu hans er haldið á lofti.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, vellíðan og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu.
- Jákvætt viðhorf ríkir í garð skólans og stjórnenda af hálfu foreldra.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og eru virkir að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnendur skapa svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Nýbreytni í starfsþróunarviðtölum sem verið er að innleiða er til fyrirmyndar.
- Góð samfella skólastiga með samreknnum leikskóla.
- Gott samstarf við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu og að vinna í teyrum.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnendum og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.
- Áhersla á ánægju og vellíðan nemenda og starfsmenna skilar sér í góðum skólabrag.

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skipurit svo það endurspegli gildandi fyrirkomulag skólastarfs.
- Í starfsáætlun skólans þarf að skrá hvernig sérkennslu skólans er háttað.
- Upplýsa foreldra um skólaþjónustu sem skólinn á kost á.
- Gera einkunnarorð skólans sýnilegri á heimasíðu.
- Gera þarf grein fyrir markmiðum og tengslum símenntunar við áherslur skólans og hverjar áherslur eru í endurmenntun kennara og annarra starfsmanna aðrar en með námsferðum.
- Nýta niðurstöður samræmda prófa og annarra mælitækja markvissar.
- Skrá hvernig upplýsingagiöf frá Reykholti, bæði til foreldra og kennara, er háttað og hver ber ábyrgð á henni.
- Skrá og kynna fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er.
- Skrá betur verkefni sem skólinn er að vinna að, svo sem Grænfánverkefnið, og nefndir sem tengjast þeim.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið.
- Halda einn opinn skólaráðsfund á ári.
- Hafa fulltrúa foreldra og nemenda með við endurskoðun skólareglna.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Teymiskennsla nýtist vel við samkennslu árganga og sem stuðningur í bekkjaraðstæðum.
- Nemendum líður vel í skólanum.
- Nemendur lýsa meiri ánægju af lestri en almennt gerist og á það sérstaklega við um strákana.
- Nemendur segja ekkert einelti vera í skólanum.
- Nemendur skólans standa sig vel á samræmdum könnunarprófum.
- Stefnu skólans um útinám er framfylgt í verki.
- Umhverfið, grenndarsamfélagið og náttúran eru markvisst nýtt í skólastarfi.
- Kennarar sýna fagmennsku í störfum.
- Kennarar líta á samkennslu árganga og teymiskennslu sem styrk við skólastarfið.
- Að mati kennara og foreldra eru smiðjuhelgar vel til þess fallnar að efla félagsleg samskipti og list- og verkgreinanám nemenda á unglíngastigi.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum og námstími vel nýttur.
- Samband nemenda við kennara er gott.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og samvinna og stuðningur er innan nemendahópsins.

### Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf nemendum tilskilinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum.
- Gefa nemendum kost á vali í námi í um fimmtungi námstímans.
- Skipuleggja og skrá hvernig vinna á með lykilhæfni nemenda.
- Setja betur fram í bekkjarnámskrám hvernig á að vinna með sérstakar áherslur skólans.
- Nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa markvissar við skipulag náms og kennslu.
- Huga hvað valdi falli í ánægju í lestri frá 6. bekk.
- Rýna í niðurstöður Skólapúls með það að markmið að efla það sem þarf að efla og viðhalda því sem vel er gert.
- Samræma að einhverju marki hvernig markmið og áætlanir nemenda eru sett fram og hafa stíganda milli stiga hvernig þátttaka nemenda er.
- Ræða markmið náms og kennslu við nemendur og tengja hæfnimarkmiðum námskrár.
- Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísunum.
- Hafa í huga að gera námsaðstæður nemenda enn frekar þannig að reyni á samstarf og samræður um námið.
- Gera þátttöku nemenda í skipulagi og framkvæmd náms betur sýnilega.
- Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir sem tengjast nemendum berist þeim skipulega.
- Skrá viðmið um árangur og hvernig bregðast eigi við niðurstöðum kannana og skimana.

### *Innar mat*

#### Styrkleikar

- Stjórnendur líta á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Framkvæmd mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Niðurstöður starfsmannaviðtala og Skólapúls eru nýttar í innra matið.
- Sjálfsmatsáætlun til þriggja ára liggur fyrir.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Endurmat á umbótum er skráð.
- Umbótaáætlun og endurmat á umbótaáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu.

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og laga sjálfsmatsáætlun að skólanum.
- Setja markmið um teymiskennslu og útikennslu og meta hvernig til tekst.
- Skrá hver eru markmið með samstarfinu við Reykholt um nám nemenda á unglíngastigi og meta hvernig til tekst.
- Setja árlega fram greinargerð um innra mat.
- Fjölga þarf í matsteyminu, þar sem gætt er að því að fulltrúar stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitji.
- Samræma áhersluþætti milli sjálfsmatsáætlunar og umbótaáætlunar.
- Nýta niðurstöður skimana og mats, s.s. samræmdra könnunarprófa og lesferils, í matinu.
- Kynna nemendum niðurstöður kannana og annars mats sem þeir taka þátt í.
- Tímasetja verkþætti í umbótaáætlun og hvenær á að meta umbætur.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Bláskógaskóla Laugarvatni

Bláskógaskóli Laugarvatni er samrekin leik- og grunnskóli í byggðarkjarnanum á Laugarvatni. Skólann sækja börn frá Þingvallasveit, Laugardal og Laugarvatni. Barnaskóli var fyrst stofnaður á Laugarvatni 1962. Árið 2003 voru grunnskólarnir á Laugarvatni og Reykholti í Biskupstungum sameinaðir í einn skóla en frá 2015 hafa skólarnir verið reknir sem tvær sjálfstæðar starfsstöðvar. Samstarf er milli skólanna á Laugarvatni og í Reykholti um kennslu á unglingsstigi á þann hátt að nemendur 8., 9. og 10. bekkjar sækja kennslu tvo daga vikunnar í Reykholt þar sem kennd er danska, enska og náttúrufræði og þar eru einnig kenndar valgreinar.

Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta, gleði.

Í skólanum eru 51 nemandi á vorönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	8	4	5	7	4	7	1	6	5	4
Samkennsluhópar	12 nemendur		12 nemendur		12 nemendur			15 nemendur		

Starfsmenn skólans eru alls 21. Þar af starfa 13 við grunnskóladeildina. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og átta kennarar, þar af er einn leiðbeinandi í 25% starfshlutfalli. Auk þess er ritari, stuðningsfulltrúi og starfsmaður í mótuneyti. Skólabílstjórar eru tveir. Engin kennslustund hefur fallið niður á skólaárinu.

Við skólann er starfandi frístundaskóli fyrir börn í 1.-4. bekk. Það er samstarfsverkefni skólans og Ungmennafélags Laugdæla.

Sjö nemendur eru með einstaklingsnámskrá og aðlagað námsefni, þar af eru fimm í unglingsdeild. Enginn nemandi er af erlendum uppruna og í vetur stundar enginn nemandi nám á öðru skólastigi.



## Niðurstöður

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

#### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Virðing, vinátta og gleði eru einkunnarorð Bláskógaskóla á Laugarvatni, unnin nýlega af fulltrúum allra sem koma að skólastarfinu. Einkunnarorðin hafa ekki enn verið gerð vel sýnileg á heimasíðunni. Skólanámskrá 2016-2019 og starfsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 eru birtar á heimasíðu. Flestir þættir sem þar eiga að vera koma fram. Laga þarf skipurit þannig að það endurspegli gildandi fyrirkomulag stjórnunar innan stofnunarinnar og gera betur grein fyrir hvernig sérkennsla og stuðningi við nemendur skólans er háttað. Stefna skólans er sýnileg í öllu starfi skólans. Sérstaða skólans er útinám og teymiskennsla en því eru ekki gerð sérstök skil eða útfært frekar í bekkjarnámskrám. Í viðtölum kom fram ánægja með stefnu skólans. Foreldrar og starfsmenn eru almennt sammála um að stjórnendur leggi áherslu á það jákvæða í skólastarfinu og séu duglegir að upplýsa um það sem vel er gert. Samstarf við hagsmunaaðila skólans hefur verið í þróun og hefur aukist undanfarin misseri. Fram kom í viðtali við kennara að gott væri að eiga samtarf við foreldra og aðra í samfélaginu og væru þeir fljótir að bregðast við óskum skólans ef svo bæri undir. Sveitarfélagið hefur nýlega uppfært skólustefnu sína og kom skólastjóri að þeirri vinnu ásamt fleiri aðilum skólasamfélagsins.

#### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Góður starfsandi ríkir í skólastarfinu, stjórnendur eru duglegir að hvetja kennara og starfsmenn til að leita sér endurmenntunar og efla sig í starfi. Stjórnendur hafa yfirlit yfir símenntun starfsmanna og gera kröfu um að kennarar skili upplýsingum um endurmenntun sína. Kennarar voru sammála um að stjórnendur skapi svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og væru mjög sveigjanlegir um möguleika á þátttöku á námskeiðum og ráðstefnum. Skilgreina mætti betur tímaramma og einstaklingsáherslur í símenntunaráætlun. Áhersla hefur m.a. verið á tækninýjungar og upplýsingatækni og markvissa vinnu við að efla læsi í skólanum. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eru á einu máli um það að liðsheildin sé mjög góð og í viðtali við starfsmenn og kennara var hópnum líkt við fjölskyldu, mjög nán og góð samvinna á milli allra og mikil samheldni. Starfsmenn, nemendur og foreldrar eru sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni skólastarfið og mikið er lagt upp úr því að allir fái að segja sína skoðun. Almenn ánægja er með skipulag starfsins og samvinnu í teymum og fá kennarar talsvert um það að segja hvernig þeir raða sínum tíma niður. Starfsmenn nýta samráðsfundi sem og annan tíma til að ræða og ígrunda sitt starf, verklag og fá speglun á sína vinnu. Að þeirra mati gerir smæðin það að verkum að auðvelt er að ræða árangur og aðferðir reglulega. Hins vegar kom fram í viðtölum að það vantaði upp á að stjórnendur veittu ráðgjöf og leiðbeiningar við að nýta niðurstöður og gögn markvisst, til dæmis vegna námsmats til eflingar náms nemenda og starfs skólans.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Mikil og góð samvinna er á milli foreldra og skólans og leitað er eftir þátttöku þeirra í ýmsum verkefnum. Foreldrar taka m.a. þátt í smiðjuhelgum sem er samstarf fjögurra nágrannaskóla, það er Bláskógaskólanna beggja, Kerhólsskóla og Flóaskóla um að efla val og list- og verkgreinakennslu nemenda í 8.-10 bekk. Foreldrar voru beðnir að svara foreldrakönnun í tengslum við ytra matið. Foreldrar helmings nemenda svöruðu og voru nær allir mjög eða frekar sammála því að skólanum sé vel stjórnað og allir svarendur eru ánægðir með skólann. Sama niðurstaða kom fram í tveggja ára gamalli foreldrakönnun Skólapúlsins. Ný foreldrakönnun Skólapúlsins var birt eftir að ytra mat fór fram og styður einnig þá niðurstöðu.

Foreldrar sögðu að það væri auðvelt að leita til stjórnenda með hugmyndir og flestir sem svara foreldrakönnun telja að ábendingar séu teknar til greina. Hins vegar kemur fram í könnuninni að helmingur svarenda telur skólann ekki leita eftir tillögum eða hugmyndum meðal foreldra og rúmur þriðjungur foreldra svara á þá leið í nýbirtum Skólapúlsi. Foreldrar eru boðaðir á kynningarfundum að hausti og fá kynningu á smiðjuhelgum og bekkjarnámskrám. Þegar niðurstöður samræmdra könnunarprófa liggja fyrir ræðir skólastjóri einslega við foreldra nemenda sem þreyttu próf þar sem farið er yfir niðurstöður. Æskilegt væri að lista upp í starfsáætlun skólans nánar um hvar og hvenær foreldrar komi að skólastarfinu.

Í viðtölum við foreldra kom fram að þeir hafa ekki fengið kynningu á stoðþjónustu skólans og skólaláttáttun sveitarfélagsins. Foreldrar nefndu einnig að það vantaði mikið upp á upplýsingar varðandi skólagöngu barna þeirra í Reykholti, þeir vissu lítið hvað væri að gerast þar og hvernig náminu væri háttað.

Skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli í sama húsnæði og mikil samvinna er milli skólastiganna. Samráðsfundir við kennara Menntaskólans á Laugarvatni hafa verið en ekki hefur verið um formlegt samstarf að ræða. Félagsmiðstöðin og frístundastarf er rekið af Ungmannafélagi Laugdæla og hefur aðsetur í skólahúsnæðinu. Skólastjóri fundar reglulega með forstöðumanni frístundastarfs. Kennarar Tónlistarskóla Árnassýslu hafa aðstöðu til kennslu innan skólans. Samstarf er við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi sem staðsett er á Laugarvatni og taka nemendur skólans m.a. þátt í fuglatalningu. Ýmiskonar samstarf er við stofnanir og fyrirtæki í samfélaginu en lítið sem ekkert er um það rætt í skólanámskrá.

Skólaráð fundar einu sinni á önn og tekur virkan þátt í stefnumótun skólans. Samvinna er við grenndarsamfélagið og er fulltrúi þess í skólaráði. Misbrestur er á að skólaráð haldi árlegan opinn fund um málefni skólans.

### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólastjórnendur hafa skýra sýn á áherslur sínar og markmið varðandi skólastarfið og stýra umbótaverkefnum. Misbrestur er á því að fundargerðir séu haldnar eða að skráningar séu nægar um verkefni og framgang þeirra. Skólinn flaggar Grænfána en ekki er gerð grein fyrir því verkefni í skólanámskrá eða starfsáætlun. Fram kemur í starfsáætlun að mat á árangri og störfum vísi veginn í umbótum. Til þess nýtir skólinn m.a. kannanir og starfsmannasamtöl. Skólaláttáttun eru reglulega lagðar fyrir nemendur og foreldra. Umbótaáætlun er unnin á grundvelli innra mats í upphafi skólaárs. Samkvæmt kennurum er ekki unnið markvisst með niðurstöður samræmda könnunarprófa til umbóta kennslu og til að efla árangur nemenda. Gera þarf betur grein fyrir hvernig kannanir og skimanir eru nýttar í kennslu.

Í símenntunaráætlun skólans er rætt almennt um markmið og tilgang símenntunar og námsferðum 2018-2019 gerð skil. Gera þarf betur grein fyrir tengslum símenntunar við markmið og áherslur skólans

og gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem kemur fram hverjir leiða fræðsluna, þátttakendur og hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda. Kennslutími nemenda yngstastigs (30 kes. ) og miðstigs (35 kes. ) er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Unglingastigi er kennt í 36 kennslustundir á viku sem er einni kennslustund minna en viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir. Þann kennslutíma sem á vantar fá nemendur unglingsstigs með smíðjuhelgum. Í skólanámskrá er nefnt að ein bundin valstund á viku sé vegna árshátíðar en sú stund er ekki skráð í stundaskrá.

Helstu upplýsingar um skólafarfið eru á heimasíðunni. Samkvæmt Skólapúlvi og foreldrakönnun er mikil jákvæðni gagnvart stjórnendum og almenn ánægja er meðal starfsfólks og kennara með stjórnun og daglegt skipulag. Samkvæmt viðtali við stjórnendur eru til ferlar um lausn ágreiningsmála er kemur að einelti eða kynferðislegri áreitni. Ekki er skráð áætlun um viðbrögð ef upp koma annars konar ágreiningsmál í starfsmannahópnum. Nemendum eru kynnt netöryggismál og farið er yfir persónuverndarmál með starfsmönnum og foreldrum.

Í viðtölum við kennara og stjórnendur kom fram að vinna ætti skólareglur á ný og þá með aðkomu nemenda, foreldra og starfsmanna.

Nemendaráð starfar við skólann og eru helstu verkefni þess félagsstarf nemenda og fulltrúar nemenda eru í skólaráði. Nemendur segjast aftur á móti ekki hafa fengið sérstaka þjálfun til þessara starfa. Kynna þarf betur fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er.

### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, vellíðan og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu. Mikil ánægja er meðal starfsmanna og kennara með stjórnendum og telja þeir almennt gott að leita til þeirra með sín mál. Verkskipting stjórnenda er skilgreind og sérþekking þeirra nýtist vel að þeirra mati. Skólastjórinn er í grunninn menntaður sem leikskólakennari og hefur hann því tekið að sér að mestu stjórnun leikskólans en aðstoðarskólastjóri hefur nýtt þekkingu sína og reynslu í fjármálum. Stjórnendur tala báðir um gott samstarf sín á milli og að þeir fundi reglulega og séu duglegir að miðla upplýsingum. Kennarar tala um að stjórnendur séu sýnilegir og duglegir að kíkja í heimsókn í skólastofurnar. Fram kom að stjórnendur eru hvetjandi og hrósa starfsmönnum, þeir eru vakandi fyrir líðan og samskiptum og eru duglegir að taka á málum, komi þau upp. Starfsþróunarsamtöl tóku breytingum haustið 2018 þegar innleidd voru svokölluð snerpuviðtöl. Viðtölin eru sex yfir árið með afmörkuð viðfangsefni í fimm af sex skiptum en það sjötta er notað til að fara yfir árið. Markmið þessara vinnu er að efla tengsl stjórnenda og starfsmanna en um leið að stuðla að jákvæðri eflingu starfsmanna í framhaldi af samtali. Bæði stjórnendur og starfsmenn voru sammála því að þessi viðtöl væru að gefa góða raun.

Skólinn er fámennur skóli þar sem árgöngum er kennt saman og kennarar kenna saman í teyllum. Kennslu er skipað niður með tilliti til sérhæfingar kennara eins og við verður komið. Kennarar eru almennt ánægðir með það hvernig sérþekking þeirra fær að njóta sín og almennt er farið eftir þeirra óskum. Vel er tekið á móti nýju starfsfólki og þeim veittur stuðningur.

### 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni sína með því að sækja sér endurmenntun og með samstarfi við aðra skólastjóra í gegnum skólastjórafélagið. Kennarar, sem og annað starfsfólk, hafa mikið frelsi til að sinna endurmenntun sinni og eru hvattir til þess af

stjórnendum. Leitast er við að efla leiðtogaþæfni starfsmanna skólans og tala starfsmenn og kennarar um að þeir njóti trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Hugað er að heilsu starfsmanna, sveitarfélagið er heilsueflandi samfélag og fá starfsmenn frítt í sund og í líkamsræktina á staðnum. Útbúið hefur verið sérstakt slökunarherbergi í skólanum sem nemendur og starfsmenn geta nýtt sér.

### *Stjórnun og fagleg forysta*

#### Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í öllu starfi skólans og sérstöðu hans er haldið á lofti.
- Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum, vellíðan og gagnkvæmu trausti meðal allra í skólasamfélaginu.
- Jákvætt viðhorf ríkir í garð skólans og stjórnenda af hálfu foreldra.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Stjórnendur hvetja til starfsþróunar og eru virkir að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnendur skapa svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Nýbreytni í starfsþróunarviðtölum sem verið er að innleiða er til fyrirmyndar.
- Góð samfella skólastiga með samrekrum leikskóla.
- Gott samstarf við stofnanir í nærsamfélaginu.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu og að vinna í teyrum.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnendum og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.
- Áhersla á ánægju og vellíðan nemenda og starfsmenna skilar sér í góðum skólabrag.

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf skipurit svo það endurspegli gildandi fyrirkomulag skólastarfs.
- Í starfsáætlun skólans þarf að skrá hvernig sérkennslu skólans er háttað.
- Upplýsa foreldra um skólaþjónustu sem skólinn á kost á.
- Gera einkunnarorð skólans sýnilegri á heimasíðu.
- Gera þarf grein fyrir markmiðum og tengslum símenntunar við áherslur skólans og hverjar áherslur eru í endurmenntun kennara og annarra starfsmanna aðrar en með námsferðum.
- Nýta niðurstöður samræmda prófa og annarra mælitækja markvissar.
- Skrá hvernig upplýsingagjöf frá Reykholti, bæði til foreldra og kennara, er háttað og hver ber ábyrgð á henni.
- Skrá og kynna fyrir nemendum hverjir eru þeirra fulltrúar í nefndum og ráðum og hvert hlutverk þeirra er.
- Skrá betur verkefni sem skólinn er að vinna að, svo sem Grænfánverkefnið, og nefndir sem tengjast þeim.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið.
- Halda einn opinn skólaráðsfund á ári.
- Hafa fulltrúa foreldra og nemenda með við endurskoðun skólareglna.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Matsmenn á vettvangi fundu að borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Menntastefna stjórnvalda kemur m.a. fram í skólanámskrá með umfjöllun um grunnþætti menntunar. Stefna sveitarfélagsins kemur fram í skólanámskrá skólans meðal annars sem stefna um fjölbreyttar kennsluaðferðir og útinám og með áherslu á lestrarstefnu Bláskógabyggðar. Ekki er minnst á lykilhæfni í námskrám skólans eða starfsáætlun. Bekkjarnámskrár/námssvísar sýna áherslur og markmið hversrar námsgreinar samkvæmt aðalnámskrá og birtast á heimasíðu skólans aðgreindar eftir bekkjum. Þar kemur almennt ekki fram hvernig framkvæmd stefnu skólans, svo sem um útinám og samkennslu árganga, er hagað. Stuðningur við nemendur fer að jafnaði fram innan námshóps og sjá kennarateymi um hann að mestu. Markmið náms eru nemendum og foreldrum sýnileg í bekkjarnámskrám og á svæði Mentors.

### 2.2. Árangur náms

Fylgst er með árangri hvers nemanda og hann skráður. Kennarar nota hæfnikort Mentors til að skrá námsframvindu. Á yngsta stigi eru námslotur í þróun þannig að tíðni svörunar og mats á árangri hæfi aldri. Að sögn stjórnenda er unnið með niðurstöður kannana og prófa m.a. á þann hátt að kennarar hittast eftir fyrirlögn Lesferils og ræða niðurstöður. Fram kom hjá kennurum efasemdir um nýtingu og leiðsagnargildi samræmdra könnunarprófa.

#### *Samræmd könnunarpróf*

Fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár og eru því engar myndir birtar. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er tíu eða fleiri, það er viðmið um birtingu. Þarf því að reikna saman nokkur ár í einu.

**4. bekkur** Uppsafnaður árangur í íslensku og stærðfræði 2016-2018 er yfir landsmeðaltali.

**7. bekkur** Uppsafnaður árangur í íslensku og stærðfræði 2016-2018 er um landsmeðaltal.

**9. bekkur** Árið 2017 voru prófin haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var yfir landsmeðaltali í öllum metunum fögum, það er íslensku, stærðfræði og ensku.

**10. bekkur** Árangur í 10. bekk 2017 (síðasta árið sem prófað var í 10. bekk) var yfir landsmeðaltali í öllum metnum fögum, það er íslensku, stærðfræði og ensku.

#### *Lesferill*

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Almennt er lesfimi nemenda um meðaltal landsins, utan að nemendur 8. bekkjar eru nokkuð undir og nemendur 9. bekkjar eru nokkuð yfir landsmeðaltalinu.


Vísbendingar um líðan nemenda í skólanum koma fram í svörum nemenda 6.-10. bekkjar sem svara könnun Skólalúpsins. Upplýsingar um síðustu mælingar nemenda eru frá febrúar 2019. Þar kemur fram að ánægja nemenda skólans af lestri er marktækt meiri en hjá öðrum nemendum sem taka þátt og hefur svo verið undanfarin fjögur ár. Áhugavert er að það er ánægja hjá strákum skólans sem koma honum í þessa stöðu. Annað sem fram kemur í Skólalúpsli er að ánægja af lestri minnkar hjá öllum

árgöngum miðað við árganginn á undan og síðan með hverri mælingu. Sama á að mestu við um áhuga á stærðfræði. Vellíðan nemenda skólans hefur mælst marktækt meiri en annarra síðustu ár þar til í vetur en er enn aðeins yfir meðaltali landsins. Samkvæmt svörum nemenda er ekkert einelti við skólann og hefur minnkað frá að vera rétt yfir meðaltali fyrir tveimur árum. Tíðni hreyfingar nemenda er mun lægri en gerist og gengur hjá meðaltali og er það lítil hreyfing stelpnanna sem þarna kemur fram. Í umbótaáætlunum undanfarinna ára hefur verið lögð áhersla á að vinna með þrautseigju og trú á eigin getu og einelti í skólanum. Þrautseigja mælist nú ívið meiri en var í fyrra og nær meðaltali svarenda á Skólapúlsi. Þegar þrautseigja er greind eftir kyni kemur fram að strákar nýta minni þrautseigju en aðrir strákar gera en stelpurnar eru við landsmeðaltalið. Foreldrar telja að nemendur njóti sanngirni og virðingar í skólaskrifinu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námsmati og matsviðmiðum.

### 2.3 Gæði kennslu

Störf kennara og annarra starfsmanna endurspeglar stefnu og markmið skólans. Stefna um útinám birtist í að nemendur yngsta- og miðstigs eru einn skóladag í viku nær alveg í útiskóla. Kennarar skólans sýndu fagmennsku í störfum sínum meðan á vettvangsathugun stóð, sama á við um kennara sem kenndu unglingum í Reykholti.

Á vettvangi voru metnar 19 kennslustundir og meirihluti þeirra metnar góðar og tvær frábærar. Kennslustundir voru vel skipulagðar og námstími nemenda vel nýttur. Nemendur voru áhugasamir um nám og kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir. Kennsluáætlanir voru kynntar matsmönnum í sumum kennslustundum. Framsetning kennsluáætlana er ekki samræmda milli kennara og ekki milli skólanna. Almennt voru markmið kennslustunda ekki kynnt hópnum í heild sem getur verið snúíð í samkenndu árganga eða þegar nám og kenndu er mjög einstaklingsmiðað. Dagskipan var skráð á töflu hjá yngsta- og miðstigi. Nemendur mið- og elsta stigs kannast við að vera með áætlanir í ákveðnum námsgreinum þar sem markmið koma fram, oft eru það yfirferðarmarkmið en einnig tengd hæfniviðmiðum aðalnámskrár.



Um helmingur kennslustunda sem matsmenn sáu á vettvangi voru bein kenndu, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Leiðbeinandi kennsluáherslur voru að hluta til í um fjórðungi stundanna og 16% metinna kennslustunda voru skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms.

Námsaðlögun sást skráð í vikuáætlun einnar námsgreinar en var almennt ekki skráð í þeim áætlunum sem matsmenn sáu, hvort heldur var um vikuáætlun árgangs að ræða eða kennsluáætlun stundarinnar. Kennarar sögðust laga námskröfur og námsefni jafnóðum að nemendum og að mati foreldra í rýnihópi er nám einstaklingsmiðað við skólann þar sem nemendur fengju t.d. að taka framhaldsskólaáfangu eða færu hægar yfir í námsefni. Foreldrar sem svöruðu foreldrakönnuninni telja að nemendur séu hvattir til að leggja sig fram í námi og fá nægilegar áskoranir. Einnig að umsjónarkennari fylgist reglulega með námi. Kennarar eru að vinna að tengslum námsmats og hæfniviðmiða sem birtist foreldrum og nemendum í Mentor.

#### 2.4 Skipulag náms

Fjórir samkennslunámshópar eru við skólann með tveimur til þremur árgöngum hver. Telja kennarar það góðan kost sem feli í sér ýmis tækifæri sem þeir kunni vel að nýta sér. Teymi tveggja kennara sinna þessum námshópum þar sem kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu. Bæði kennarar og foreldrar sem við var rætt telja teymiskennsluna efla starfið en hún kom til sem leið til að mæta fjölbreyttum þörfum nemendahópsins og að hluta í stað stuðnings eða sérkennslu.


Skimanir og kannanir sem skólinn nýtir eru skráð í sjálfsmatsáætlun og þar er einnig getið um hvernig bregðast eigi við með vísun í verklagsreglur um snemmtæka íhlutun og sérkennslu, en matsmenn fundu hana ekki.

Þrjú elstu árgangar nemenda eru þrjú daga í viku á Laugarvatni og tvo í Reykholti þar sem kennsla þeirra fer fram að hluta, alls 12 kennslustundir í kjarnagreinum og fjórir valtímar. Í kjarnagreinum fer þar fram árgangaskipt kennsla með nemendum Reykhólts. Í fyrra hófst samstarf fjögurra nágrannaskóla um að efla val og list- og verkgreinakennslu. Það er gert með þremur smiðjuhelgum yfir veturinn þar sem nemendur eru saman frá hádegi á föstudegi til laugardagskvölds við nám í einum af skólunum. Að mati kennara, nemenda og foreldra tókst þetta mjög vel og ákveðið er að halda samstarfinu áfram í vetur.

Kennsla list- og verkgreina fer fram í smiðjum hjá 1.-7. bekk, fjórar kennslustundir í viku og hjá unglingum er val fjórar kennslustundir í viku á stundaskrá auk þeirrar kennslu sem fer fram á smiðjuhelgunum þremur. Þetta uppfyllir ekki viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Sú tilhögun að bjóða upp á kennslu í list- og verkgreinum sem valgreinar bæði þær fjórar vikustundir sem kenndar eru allan veturinn og síðan á smiðjuhelgum uppfyllir ekki hvorutveggja í senn að vera val og list- og verkgreinakennsla. Nemendum í 8.-10. bekk skal samkvæmt aðalnámskrá gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans auk þess að eiga kost á list- og verkgreinakennslu í að minnsta kost tvær vikustundir.

Í þriðjungi metinna kennslustunda voru tveir eða fleiri menntaðir kennarar með námshópnum. Fjöldi nemenda á hvern menntaðan kennara í námshópnum voru frá sex í 12.



Í vettvangsathugunum voru nemendur að vinna einir að námi sínu í 63% metinna kennslustunda. Markviss samvinna nemenda í námi fór fram að hluta eða alveg í 37% stundanna. Nemendur nýta námsumhverfi á fjölbreyttan hátt innan skóla og utan.

Nemendur og kennarar nýttu sér upplýsingatækni til náms eða kennslu í um helmingi metinna kennslustunda.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir um nám sitt og virkir í kennslustundum. Nemendur bera vaxandi ábyrgð á eigin námi með auknum aldri og þroska. Á unglingastigi eru nemendur með möppu með áætlun þar sem markmið koma fram, skóladagatal, viðmiðunaráætlun og eigin áætlun sem þau gera sjálf. Það tengist síðan lotuvinnu og matsviðmiðum sem skráð eru í Mentor. Nemendur á miðstigi eru einnig með áætlanir í námi. Á yngsta stigi er verið að þróa framsetningu hæfniviðmiða með það að markmiði að gera þau aðgengileg nemendum, eins og að nota „ég get“ framsetningu. Nemendur unglingastigs kannast við að setja sér markmið og ræddu einnig um að umræða sé um markmið þegar eitthvað er í gangi, svo sem smiðjuhelgar eða kynningar, þá sé alltaf rætt um markmið, hvað sé mikilvægt. Fram kemur í svörum nemenda 6.-10. bekkjar í Skólapúlaskönnun að samband þeirra við kennara sína er marktækt betra en meðaltal nemenda annarra skóla sem þátt taka og hefur verið þau fjögur ár sem matið hefur farið fram. Sama á við um aga í tímum sem er marktækt betri að mati nemenda skólans en gerist á landsvísu.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Matsmenn sáu jákvæð samskipti sem einkennast af virðingu og samheldni, eins og nemendur í rýnihópi sögðu „okkur var bara kennt að taka alla með og það kemur bara ósjálfrátt, er hluti af okkar skólabrag“. Þátttaka nemenda um skipulag skólastarfs er ekki beint sýnileg en viðmælendur í rýnihópum töldu þá geta haft áhrif og nefndu dæmi þar um. Nemendur sögðu að þeir hefðu stundum val um hvernig þeir vinna og með hverjum ef um hópvinna er að ræða en oftast skipa kennarar saman í hópa. Nemendur unglingastigs hafa áhrif á hvaða áherslur eru í náminu á smiðjuhelgum. Nemendafulltrúar í skólaráði eru fullgildir þátttakendur og gera nemendum grein fyrir hvað fram fer þar ef þeir telja áhuga vera á því.



## Nám og kennsla

### Styrkleikar

- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Teymiskennsla nýtist vel við samkennslu árganga og sem stuðningur í bekkjaraðstæðum.
- Nemendum líður vel í skólanum.
- Nemendur lýsa meiri ánægju af lestri en almennt gerist og á það sérstaklega við um strákana.
- Nemendur segja ekkert einelti vera í skólanum.
- Nemendur skólans standa sig vel á samræmdum könnunarprófum.
- Stefnu skólans um útinám er framfylgt í verki.
- Umhverfið, grenndarsamfélagið og náttúran eru markvisst nýtt í skólastarfi.
- Kennarar sýna fagmennsku í störfum.
- Kennarar líta á samkennslu árganga og teymiskennslu sem styrk við skólastarfið.
- Að mati kennara og foreldra eru smiðjuhelgar vel til þess fallnar að efla félagsleg samskipti og list- og verkgreinanám nemenda á unglingsstigi.
- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum og námstími vel nýttur.
- Samband nemenda við kennara er gott.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og samvinna og stuðningur er innan nemendahópsins.

### Tækifæri

- Tryggja þarf nemendum tilskilinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum.
- Gefa nemendum kost á vali í námi í um fimmtungi námstímans.
- Skipuleggja og skrá hvernig vinna á með lykilhæfni nemenda.
- Setja betur fram í bekkjarnámskrám hvernig á að vinna með sérstakar áherslur skólans.
- Nýta niðurstöður samræmdra könnunarprófa markvissar við skipulag náms og kennslu.
- Huga hvað valdi falli í ánægju í lestri frá 6. bekk.
- Rýna í niðurstöður Skólapúls með það að markmið að efla það sem þarf að efla og viðhalda því sem vel er gert.
- Samræma að einhverju marki hvernig markmið og áætlanir nemenda eru sett fram og hafa stíganda milli stiga hvernig þátttaka nemenda er.
- Ræða markmið náms og kennslu við nemendur og tengja hæfnimarkmiðum námskrár.
- Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísunum.
- Hafa í huga að gera námsaðstæður nemenda enn frekar þannig að reyni á samstarf og samræður um námið.
- Gera þátttöku nemenda í skipulagi og framkvæmd náms betur sýnilega.
- Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir sem tengjast nemendum berist þeim skipulega.
- Skrá viðmið um árangur og hvernig bregðast eigi við niðurstöðum kannana og skimana.

## 2.7. Samstarf um nám nemenda á unglिंगastigi

Að ósk sveitarfélags og skóla var sérstaklega litið til samstarfs Bláskógaskólanna tveggja að Laugarvatni og í Reykholti um nám nemenda á unglिंगastigi. Matsmenn taka saman helstu atriði er snúa að námi og kennslu og líðan unglिंगanna sem fram koma í matinu er snúa að þessu samstarfi en leggja ekki dóm á samstarfið á neinn hátt eða setja fram umbótatillögur, þar sem ekki eru til skráð markmið með samstarfinu.

Flestir viðmælendur voru spurðir spurninga vegna þessa samstarfs. Nemendur unglिंगadeildar settu niður hvað væri jákvætt og hvað neikvætt við að sækja nám að hluta í Reykholt. Í foreldrakönnun sem gerð var samhliða matinu var sérstökum spurningum beint til foreldra með reynslu af samstarfinu. Matsmaður fylgdi nemendum í Reykholt einn dag. Þar sækja þeir kennslu í kjarnagreinunum dönsku, ensku og náttúrufræði. Einnig eru valgreinar beggja skólanna á unglिंगastigi kenndar þar.

Samvinna um nám nemenda á unglिंगastigi hófst árið 2003 er Grunnskóli Bláskógabyggðar var stofnaður sem einn sameinaður skóli með starfsstöðvar þar sem áður höfðu verið reknir sjálfstæðir skólar, að Reykholti og Laugarvatni. Þessari skipan skólamála var síðan breytt árið 2015 þannig að hvor starfsstöð er nú sjálfstæður grunnskóli. Á Laugarvatni eru samrekstur leik- og grunnskóla. Nemendur á Laugarvatni sem lengst eiga að eru 40-45 mínútur hvora leið í skólabíl til og frá Laugarvatni samkvæmt akstursáætlun á heimasíðu og er þar miðað við aksturshraðann 80 km/klst.

### *Mat nemenda unglिंगeildar í Bláskógaskóla á Laugarvatni á að fara í Reykholt*

Í samræðum við nemendur í rýnihópi kom fram að þeim finnst fara batnandi með hverju árinu að vera í Reykholti. Þeir sögðu að það væri svolítið skrytið fyrst en svo vendist það. Það er „öðruvísi common sense“ í skólunum, hlutirnir ekki gerðir á sama hátt og ekki sömu reglur. Þau segjast eignast vini þar en ekki endilega bestu vini heldur frekar kunningja. Nemendur nefndu leiðindi við að sitja í rútu og upp kom að það sé leiðinlegt að fara milli húsa í matinn.

Nemendur unglिंगadeildar skrásettu fyrir matsmenn kost og löst á að fara í Reykholt. Það sem nemendur nefndu sem jákvætt við að fara í Reykholt væru krakkarnir þar, þeir væru skemmtilegir og fleiri, maturinn væri góður, kennarar góðir/skemmtilegir og loks var meira frelsi nefnt og að símar væru leyfðir í frímínútum. Það sem kom fram um hvað væri neikvætt við að fara í Reykholt var að mestu leyti tengt akstrinum og að skóladagur verður lengri, einnig slæmt viðmót og engin virðing nefnt og loks var talið neikvætt að þurfa að fara milli húsa í matsal.

Auk þess voru nemendur misánægðir með námsgreinarnar sem kenndar eru í Reykholti og kennarana sem þar kenna.

### *Helstu þættir sem komu fram hjá foreldrum í rýnihópnum og í rafrænni foreldrakönnun*

Greina mátti í umræðu foreldra að þeim finnst að margt hafi farið batnandi í tengslum við samstarfið undanfarið sem áður hafi verið óánægð með. Nefndu þeir í því sambandi sérstaklega viðmót starfsfólks og að nemendum finnst þeir velkomnari en áður. Einnig var rætt um að maturinn hafi ekki þótt góður en það hafi breyst. Fram kom að samstarfið hafi verið rætt á fundi með foreldrum og þar voru menn ekki sammála um ágæti þess.

Þeir foreldrar sem reynslu höfðu af að barn þeirra sæki nám í Reykholtsskóla svöruðu sérstökum spurningum þar um. Fram kom að aðeins tveir af þeim átta sem svöruðu og málið varðaði töldu sig hafa fengið kynningu á markmiðum samstarfsins. Í opnum svörum kom fram að upplifun foreldra er almennt góð en fram kom líka sú sýn að það væri ekki að skila neinu og að eitt barn vildi helst ekki vera

þar. Foreldrar nefna að gott samband þeirra við umsjónarkennarana á Laugarvatni skipti miklu máli og leggja traust sitt á þá í tengslum við samstarfið.

Eins og rauður þráður í gegnum opnu svörin og í viðtölum er að foreldrar telja upplýsingagjöf ábótavant. Það á við um námið á Reykholti, starfsemina þar og aðbúnað og segjast foreldrar ekki vera í neinum samskiptum við kennarana í Reykholti og vildu fá meiri upplýsingar þaðan á foreldrafundum.

„Námslega hef ég ekki græna hvernig það er. Við foreldrar erum aldrei boðuð yfir, kennarar hafa ekkert samband og engin samskipti eru við foreldra frá Reykholti“.

#### *Sýn og áherslur stjórnenda og kennara*

Í samtali við skólustjóra beggja skólanna kom fram vilji til að endurskoða samstarfið. Greinargerð um breytingar unnin af stjórnendum skólanna var lögð fram á skólanefndarfundum í júní 2018. Það sem stjórnendur nefndu sem annmarka við samstarfið í samtali við matsaðila var annars vegar að með því að nemendur væru saman í námi tvo daga í viku í ákveðnum kjarnafögum væri kennurum gert erfitt með að samþætta í námi og kennslu á unglingsstigi.

Einnig var nefnt að skólarnir væru ekki með sömu stefnu, þeir væru sjálfstæðar einingar hvor með sína sérstöðu og áherslur. Það getur skapað bæði kennurum og nemendum vanda að samsama sig eða vinna með ólíkar áherslur eða skólareglur eftir vikudögum eða námsstöðum. Í þessu sambandi var sérstaklega nefnt munur á stefnu um notkun spjaldtölva í námi. Tekið var fram að samstarfið er yfirhöfuð gott milli skólanna og margt jákvætt sem þar fer fram en að mati stjórnenda þarf að endurskoða dvöl unglingsanna frá Bláskólaskóla á Laugarvatni í Bláskógaskóla í Reykholti út frá hver markmiðin eru með henni.

Stjórnendum og kennurum í Bláskógaskóla á Laugarvatni var tíðrætt um að ekki væri alltaf vel ljóst hvar ábyrgð á nemendum lægi í þessu samstarfi. Kennarar sögðu samband umsjónarkennara við kennara Reykhólts gott en ekki mikið og þyrfti að vera betri rammi um það. Kennarar nefndu einnig að sú ákvörðun að flytja nemendur annars skólans í hinn væri ekki grunduð á rökum og nefndu að hægt væri að fara í báðar áttir.

Hjá kennurum kom fram að samstarfið hamli samþættingu en einnig verður að haga öllum sérstökum viðburðum eða skólaþjónustu í Bláskógaskóla á Laugarvatni þannig að það sé þessa þrjá daga sem unglingsarnir eru í skólanum.

### Samantekt

#### Jákvætt að mati aðspurðra

- Að mati stjórnenda er samstarf almennt gott milli skólanna.
- Umsjónarkennarar segjast vera í góðu sambandi við kennara sem kenna þeirra nemendum í Reykholti.
- Nemendur segja fara batnandi að fara í Reykholt með hverju árinu.
- Nemendur telja gott að hitta fleiri krakka.
- Foreldrar segja margt fara batnandi í tengslum við samstarfið.
- Upplifun foreldra sem svara foreldrakönnun er almennt góð.

#### Neikvætt að mati aðspurðra

- Erfitt að samþætta námsgreinar og kennslu í unglingadeildum hvors skóla fyrir sig.
- Stefnur skólanna eru ekki þær sömu.
- Ekki gilda sömu skólareglur eða óskráðar reglur í samskiptum.
- Ekki alltaf ljóst hver ber ábyrgð á nemendum.
- Samband kennara skólanna er ekki mikið.
- Þrengir að skólunum með skipulag viðburða og ytri þjónustu.
- Nemendur þurfa að laga sig að nýjum siðum.
- Nemendum þykir leiðinlegt að sitja í rútu.
- Ferðatími nemenda verður langur.
- Foreldrar telja upplýsingagjöf ábótavant frá Reykholti.

#### Tillögur sem nefndar eru af þeim sem rætt var við:

- Endurskoða skipan náms unglinga skólanna út frá hver markmiðin eru.
- Setja betri ramma um samskipti kennara skólanna.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um nám nemenda, skólastarfsemi og aðbúnað í Reykholti.
- Horfa til flutnings nemenda í báðar áttir.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Stjórnendur telja innra matið mikilvægt og álíta það hluta af skólastarfinu. Í skólanámskrá er umfjöllun um leiðir sem skólinn fer til að meta innra starf sitt. Ítarleg sjálfsmatsáætlun til þriggja ára er á heimsíðu skólans en hana þarf að uppfæra og aðlaga betur að skólanum. Skólapúlsinn og starfsmannakönnun sem skólinn leggur fyrir einu sinni á ári eru m.a. nýtt sem mælitæki í innra mati sem og samtöl við foreldra og starfsmenn. Nemendur í 6.-10. bekk svara könnun Skólapúlsins á hverju ári og foreldrar annað hvert ár. Í viðtölum við kennara og stjórnendur kom fram að mat á námi, framförum og árangri nemenda færi fram reglulega og bæði námsleg staða og líðan þeirra væri skoðuð. Kennarar tala um að þeir séu duglegir að ræða saman um sitt starf og nýta teymiskennsluna til þess. Hins vegar eru teymiskennslan og útikennslan ekki metnar markvisst eða reglulega. Fram kom að ekki liggi fyrir markmið með samstarfinu við skólann í Reykholti og er það ekki metið reglulega.

Sjálfsmatskýrsla/greinargerð um innra mat liggur ekki fyrir en umbótaáætlun er til staðar og vantar meira samræmi á milli áherslupátta sjálfsmatsáætlunar og umbótaáætlunar, t.d. er í áætluninni að greina niðurstöður samræmdra könnunarprófa en ekkert um það í umbótaáætlun en þar er mikil áhersla á grunnþætti menntunar en ekkert getið um þá eða mat á þeim í sjálfsmatsáætlun.

### 3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á höndum stjórnenda. Sjálfsmatsteymi starfar við skólann skipað kennurum og stjórnendum. Huga þarf að því að hafa fulltrúa annarra starfsmanna og hagsmunaaðila með í teyminu. Í sjálfsmatsáætlun kemur fram að nota eigi niðurstöður samræmdra prófa og skimana en í umbótaáætlun er þessara niðurstaðna ekki getið og þar er engin umfjöllun um árangur í námi. Nýttar eru gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans, s.s. Skólapúls og viðtöl. Skólaráði eru kynntar niðurstöður matsins.

### 3.3 Umbætur

Umbótaáætlun er gerð árlega, þar eru helstu niðurstöður settar fram, áætlanir um endurbætur og ábyrgðaraðili skráður. Ekki er tilgreint hvenær eða hvernig meta eigi árangur aðgerða. Ekki er til greinargerð um innra mat þó svo að umbótaáætlun sé til staðar. Þar af leiðandi er ekki hægt að sjá hvernig niðurstöður greiningar á gögnum innra mats leiðir til helstu niðurstaðna sem getið eru um í umbótaáætlun. Niðurstöður innra mats eru kynntar starfsmönnum og foreldrum en vantar að kynna þær nemendum. Skólaráð fær umbótaáætlun til umfjöllunar. Árlegt endurmat fer fram á þeim umbótum sem settar eru fram í áætlun.

### *Innar mat*

#### Styrkleikar

- Stjórnendur líta á innra mat sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Framkvæmd mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Niðurstöður starfsmannaviðtala og Skólapúls eru nýttar í innra matið.
- Sjálfsmatsáætlun til þriggja ára liggur fyrir.
- Áætlanir um umbætur eru bornar undir skólaráð.
- Endurmat á umbótum er skráð.
- Umbótaáætlun og endurmat á umbótaáætlun eru aðgengilegar á heimasíðu.

#### Tækifæri til umbóta

- Uppfæra og laga sjálfsmatsáætlun að skólanum.
- Setja markmið um teymiskennslu og útikennslu og meta hvernig til tekst.
- Skrá hver eru markmið með samstarfinu við Reykholt um nám nemenda á unglíngastigi og meta hvernig til tekst.
- Setja árlega fram greinargerð um innra mat.
- Fjölga þarf í matsteyminu, þar sem gætt er að því að fulltrúar stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra sitji.
- Samræma áhersluþætti milli sjálfsmatsáætlunar og umbótaáætlunar.
- Nýta niðurstöður skimana og mats, s.s. samræmdra könnunarprófa og lesferils, í matinu.
- Kynna nemendum niðurstöður kannana og annars mats sem þeir taka þátt í.
- Tímasetja verkþætti í umbótaáætlun og hvenær á að meta umbætur.